

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – ágúst 2023

Skráð atvinnuleysi í ágúst var 2,9%

Skráð atvinnuleysi í ágúst var 2,9% og hækkaði úr 2,8% í júlí. Í ágúst 2022 var atvinnuleysið hins vegar 3,4%.

Að meðaltali voru 5.763 atvinnulausir í ágúst, 3.134 karlar og 2.629 konur. Að meðaltali fjölgaði atvinnulausum um 54 frá júlí.

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í ágúst eða 3,9% og hækkaði úr 3,8% frá júlí.

Minnst var atvinnuleysi á Norðurlandi vestra 0,6%, á Austurlandi 1,1% og 1,8% á bæði Vestfjörðum og Vesturlandi.

Alls komu inn 249 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í ágúst.


Alls voru 2.896 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok ágúst og fjölgaði um sjö frá júlí.

Í ágúst voru 108 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og fimm einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk.

Í ágúst 2023 gaf Vinnumálastofnun út 290 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi þar af 225 á höfuðborgarsvæðinu.

Vinnumálastofnun spáir því að atvinnuleysi muni lítið breytast í september og gæti orðið á bilinu 2,9% til 3,1%.

Próun atvinnuleysis frá ágúst 2021 til ágúst 2023




Atvinnuástand eftir landshlutum

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í ágúst eða 3,9% og hækkaði úr 3,8% frá júlí. Næst mest var atvinnuleysið 3,3% á höfuðborgarsvæðinu í ágúst og hækkaði úr 3,2% frá júlí. Atvinnuleysi var 2,3% á landsbyggðinni í ágúst og hækkaði úr 2,2% frá júlí. Á flestum stöðum á landsbyggðinni hækkaði atvinnuleysi frá júlí nema á Norðurlandi vestra þar sem það stóð í stað.

Minnst var atvinnuleysi á Norðurlandi vestra 0,6%, á Austurlandi 1,1% og 1,8% á bæði Vestfirðum og Vesturlandi.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir landshlutum í júlí og ágúst.


Atvinnuleysi eftir landshlutum



Atvinnuleysi var lægra meðal kvenna en karla á tveimur svæðum, það er á Norðurlandi vestra þar sem atvinnuleysi karla var 0,7% og 0,5% meðal kvenna og á Vesturlandi þar sem atvinnuleysi karla var 1,9% og 1,7% meðal kvenna.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum í ágúst.

Atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum



Greining atvinnuleysis

Greining þeirra sem voru atvinnulaus í lok mánaðar

Atvinnulausir voru 5.934 í lok ágúst, 3.191 karl og 2.743 konur og fækkaði atvinnulausum körlum um 25 frá ágústlokum en atvinnulausum konum fækkaði um 61.

Alls voru 525 atvinnuleitendur á aldrinum 18-24 ára án atvinnu í lok ágúst og fækkaði um 10 frá júlí.


Alls höfðu 1.226 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok ágúst 2023 og fækkaði um 13 frá júlí. Í ágúst 2022 var fjöldi þeirra hins vegar 2.204 og nemur fækkunin 978 á milli ára.

Þeir sem höfðu verið atvinnulausir í 6-12 mánuði voru hins vegar 1.455 í ágúst síðastliðnum en voru 1.712 í ágúst 2022.

Atvinnugreinar


Atvinnulausum fækkaði lítillega í lok ágúst í nokkrum atvinnugreinum frá lokum júlí. Mest var fækkun atvinnulausra í opinberri þjónustu, þ.e. fræðslu, heilbrigðis- og félagsþjónustu. Atvinnulausum fjölgaði mest í verslun og vöruflutningum.

Atvinnulausir eftir atvinnugreinum



Flestir atvinnuleitendur með erlendan ríkisborgararétt komu frá Póllandi eða 1.277 sem er um 44% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá. Því næst koma Litháar, Rúmenar og Lettar.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara skipt eftir þjóðerni í lok ágúst 2023



Atvinnuleyfi, erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleyfi


Atvinnuleyfi

Í ágúst 2023 gaf Vinnumálastofnun út 290 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi þar af 225 á höfuðborgarsvæðinu. Af útgefnum leyfum voru 153 til nýrra erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði og 137 leyfi voru framlengt.


Flestir sem fengu útgefið atvinnuleyfi í ágúst, hvort sem það var nýtt eða framlengt, fengu leyfi vegna sérfræðiþekkingar eða 104 leyfi. Þá voru gefin út 77 námsmannaleyfi og 24 leyfi vegna skorts á vinnuafli og eins 27 leyfi vegna fjölskyldusameiningar. Þegar atvinnuleyfi eru skoðuð eftir starfsgreinum í ágúst voru flest leyfi gefin út vegna starfa stjórnenda, sérfræðinga og sérmenntaðra eða 43%, 19% vegna þjónustustarfa og 14% bæði vegna starfa verkafólks og sérhæfðs iðnverkafólks. Um 10% var í öðrum starfsgreinum.

Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar


Alls voru 2.896 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok ágúst og fjölgaði um sjö frá júlí. Hlutfall erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá var um 49% í lok ágúst.



Ný atvinnuleyfi eftir tegund í ágúst 2023



Útgefin U2 vottorð vegna atvinnuleitar í öðru EES ríki, ágúst 2023



Erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru 53 erlend þjónustufyrirtæki starfandi í ágúst 2023 með samtals 416 starfsmenn.

Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra og erlendra samtals 697 í ágúst á vegum 22 starfsmannaleiga. Flestir starfsmenn starfsmannaleiga komu frá Póllandi eða 45%, 20% frá Litháen og 18% frá Lettlandi. Þeir sem eftir standa eða um 18% starfsmanna komu frá 16 öðrum ríkjum.

Atvinnuleit og vinnumiðlun

Flutningur atvinnuleysis-tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja


Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis í allt að þrjú mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum fáir þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í ágúst 2023 voru gefin út 69 vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 37 einstaklingar. Sex fóru til Spánnar, fimm til Lettlands og fjórir til Litháen. Þá voru gefin út 17 vottorð til viðbótar til 14 annarra ríkja.

Vinnumiðlun

Auglýst störf í vinnumiðlun

Alls komu inn 249 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í ágúst. Flest auglýstra starfa voru vegna ráðningarstyrkja eða um 126 störf, önnur teljast almenn störf. Um það bil 55% starfanna eru á höfuðborgarsvæðinu, 12% á Suðurlandi og eins 12% á Suðurnesjum. Þá eru 22% annarsstaðar á landinu.

Fjöldi auglýstra starfa eftir landshlutum í ágúst 2023



Þátttaka í vinnumarkaðsúrræðum

Atvinnuleitendum stendur til boða að taka þátt í þjálfun og nýsköpun og fara af skrá í allt að sex mánuði á meðan á úrræðinu stendur. Í ágúst voru 108 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og fimm einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk, flestir á höfuðborgarsvæðinu eða 71 einstaklingur.

Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistölur út frá ýmsum þáttum 5 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.

Excelskjöl með tölulegum upplýsingum ítarlega brotið niður eftir bakgrunnspáttum.